

# MAÍ

## ALLT AÐ GERAST

Maí mánuður hefur verið viðburðarríkur hjá okkur. Um leið og prófum hjá liðsmönnum lauk var allt keyrt í gang að nýju. Langar og strangar vinnustundir hafa verið einkennandi síðustu kvöld og er engin hættu á því að liðsmenn sitji aðgerðalausir.



### SCRUTINEERING

Á seinustu dögum mánaðarins var bíllinn undirbúinn fyrir „scrutineering“ sem mun fara fram nú á næstu dögum. Scrutineering er ströng skoðun á öllum hlutum bílsins þar sem ákveðnar reglur þurfa að vera uppfylltar. Gamlir liðsmenn ásamt leiðbeinendum koma og fara yfir hlutina og sjá til þess að allt sé í lagi. Reglur keppnanna eru hafðar til hliðsjónar en þær eru mjög strangar og eru fordæmi fyrir því að lið hafi verið dæmd úr keppni útaf t.d. nokkrum auka millimetrum á lengd hluta. Þetta er því afar mikilvægur hluti af ferlinu til að undirbúa liðið fyrir keppnina.

### VIÐBURÐIR

Gert kynning var haldin í þessum mánuði þar sem nokkrir liðsmenn heimsóttu Garðaskóla og ræddu við krakkana um verkfræðinámið og fræddu þau um Team Spark. Þau voru mjög áhugasöm og vöktu myndbönd liðsins mikla athygli ásamt þeim íhlutum sem við mættum með.

### Á DÖFINNI

Nú fer bíllinn að verða klár en við taka hinir ýmsu hlutir sem þarf að undirbúa fyrir keppnina. Meðal annars þarf að undirbúa kynningarnar sem fluttar verða á keppnunum og er það í fullum gangi.

Gaman verður að sjá tilvonandi Sparkara en Team Spark mun halda úti námskeiði í Háskóla Unga fólksins sem fram fer á næstu dögum.

Annars er næst á dagskrá að undirbúa LAKA fyrir gáminn sem og alla liðsmenn undir keppnirnar.

### GRILLPARTÝ

Þar sem farið var að síga á seinni hlutann og liðsmenn búnir í prófum var nauðsynlegt að hrista upp í hópnum. Grillveisla var haldin fyrir liðsmenn þar sem mikill hlátur kom við sögu og allir skemmtu sér vel. Það var frekar kalt í veðri en liðsmenn létu það ekki stöðva sig og klæddu sig í lopapeysur og nutu íslenska sumarsins.



facebook.com/  
TeamSparkEngineering



team.spark



twitter.com/  
TeamSparkEng